

ÓSKABARN

ÆSKAN OG JÓN SIGURÐSSON

SÝNING Í ÞJÓÐMENNINGARHÚSINU – OPNUÐ 15. JANÚAR 2011





ÓSKABARN - ÆSKAN OG JÓN SIGURÐSSON

Sýningin Óskabarn er um merkan mann sem hét Jón Sigurðsson. Sumir kölluðu hann Nonna, aðrir herr Sívertsen, en flestir þekktu hann sem Jón forseta. Jón hefur líka verið kallaður sjálfstæðishetja, sameiningartákn þjóðarinnar og óskabarn Íslands. Það er stytta af honum á Austurvelli og mynd af honum á fimmhunduðkallinum. Það er líka safn um hann í Arnarfirði og heilt hús nefnt eftir honum í Kaupmannahöfn. Er því nokkur furða að það teljist nauðsynlegt að þekkja svolítið til Jóns?

Sumir gætu haft gaman af því að vita að hann ólst upp í sveit og gekk aldrei í barnaskóla. Pabbi hans var prestur og kunni að kveða niður drauga. Síðar flutti Jón til Kaupmannahafnar þar sem hann fór í háskóla. Kannski finnst öðrum skrytið að kærastan hans, hún Ingibjörg, beið eftir honum í tólf ár meðan hann var í háskólanum. Þegar hann loksins kom að sækja hana var hann orðinn þingmaður. Jón og Ingibjörg gátu ekki eignast börn en þau tóku átta ára frænda Jóns í fóstur. Enn öðrum finnst kannski sniðugt að Jón átti eldrauð axlabönd og fór aldrei úr húsi nema með silki-pípuhatt.

Það er samt ekki það sem Jón Sigurðsson er þekktastur fyrir. Jón er frægur vegna þess að hann barðist fyrir sjálfstæði Íslands á 19. öld þegar landið var hluti af danska ríkinu. Hann fann þó ekki upp sjálfstæðisbaráttuna.



Margar aðrar þjóðir börðust fyrir sjálfstæði á þessum tíma og enn fleiri börðust fyrir lýðræði. Það þýðir að fólk vildi fá kosningarétt, það vildi kjósa sér þing í stað þess að konungar réðu öllu. Þessi sýning er því ekki bara um Jón forseta, hún er líka um lífið í gamla daga og byltingar og stríð í Evrópu.

Margir Íslendingar tóku virkan þátt í sjálfstæðisbaráttunni á 19. öld. Flestir þeirra bjuggu í Kaupmannahöfn eins og Jón. Við minnst Jóns sérstaklega því hann varð snemma leiðtogi þessa hóps. Hann hafði skýra sýn og beitti nýjum aðferðum í rökræðum við Dani, bæði flóknum útreikningum og tilvitnunum í íslensk fornrit. Hann krafðist þess að Íslendingar fengju stjórnarskrá og með henni stjórn yfir eigin málum. Jón lagði mikla áherslu á að byggja upp íslenskt samfélag svo það yrði óháð Danmörku. Þess vegna vildi hann styrkja helstu atvinnuvegina, fiskveiðar og landbúnað. Hann taldi líka nauðsynlegt að Íslendingar réðu því sjálfir við hverja þeir versluðu. Jón var vísindamaður og hann trúði því að fræðsla og menntun væru grunnurinn að góðu samfélagi. Hann vildi að Íslendingar reistu skóla og menntuðu börnin sín. Honum var líka mjög annt um tungumálið og skildi mikilvægi þess að töluð væri íslenska á Íslandi, sérstaklega meðan Danir réðu þar lögum og lofum.





Jón Sigurðsson stýrði sjálfstæðisbaráttunni í Kaupmannahöfn og sendi hugmyndir sínar til Íslands í tímaritinu Nýjum félagsritum. Hann var líka iðinn við að skrifa sendibréf og greinar í erlend dagblöð. Hann lét ekki síður mikið til sín taka á Íslandi enda var hann þingmaður hálfra ævina og sigldi jafnan heim til að taka þátt í störfum Alþingis.

Sjálfstæðisbarátta Íslendinga á 19. öld var stundum hörð þótt aldrei yrði hún blóðug. Jón var óþreytandi í þessari baráttu og gafst aldrei upp þótt á móti blési. Þess vegna minntust menn Jóns þegar Ísland varð lýðveldi 1944. Þá var afmælisdagurinn hans gerður að þjóðhátíðardegi Íslands. Sýningin Óskabarn er opnuð í tilefni þess að 17. júní 2011 eru 200 ár síðan Jón Sigurðsson fæddist.

Sýningin er samstarfsverkefni Þjóðmenningarhússins og Afmælisnefndar Jóns Sigurðssonar, www.jonsigurdsson.is. Höfundar sýningar: Brynhildur Þórarinsdóttir rithöfundur og Sigurjón Jóhannsson myndlistarmaður. Verkefnisstjórn: Guðrún Garðarsdóttir. Grafísk hönnun: Ólafur J. Engilbertsson/Sögumiðlun ehf. Ljósmyndir úr Arnarfirði og frá Kaupmannahöfn: Jóhannes Long. Ljósmynd af málverki F. Ch. Camradt af Jóni Sigurðssyni: Þjóðminjasafn Íslands/ Ívar Brynjólfsson. Myndaöflun úr erlendum söfnum: Jóhanna Bergmann. Myndir eru birtar með góðfúslegu leyfi frá Det Nationalhistoriske Museum, Frederiksberg Slot og British Museum. Uppsetning sýningar: Stóra sviðið ehf. Ensk þýðing: Anna Yates. Dönsk þýðing: Magnea J. Matthíasdóttir. Prentun skrár: Svansprent ehf. Prentun sýningar: Logoflex ehf.



ÞJÓÐMENNINGARHÚSIÐ

Hverfisgötu 15 • 101 Reykjavík • Sími : 545 1400
www.thjodmenning.is • Opíð daglega 11.00 – 17.00